

## **14. fundur stjórnar Fimleikasambands Íslands, haldinn þann 25. nóvember 2010, kl. 16.00, á skrifstofu FSÍ í Laugardal.**

**Mættir eru:** Þorgerður Diðriksdóttir, formaður, Birna Björnsdóttir, varaformaður, Ragnheiður Thorlacius, ritari, Þóra Sigurðardóttir, gjaldkeri, Gunnar Sigurðsson, almannatengslafulltrúi og Hrund Þorgeirsdóttir, framkvæmdastjóri. Kl. 17.00 mætir Sólveig Jónsdóttir, almannatengslafulltrúi á fundinn. Sólveig og Gunnar véku af fundi kl. 17.40.

Formaður setti fundinn.

Á dagskrá eru eftirfarandi mál:

### **1. Fundargerðir**

Fundargerð 13. fundar frá 10. nóvember sl. samþykkt.

### **2. Formannafundur ÍSÍ 2010.**

Fundurinn var haldinn föstudaginn 19. nóvember sl. Fyrir hönd FSÍ sótti formaður sambandsins fundinn. M.a. var rætt um framlög ríkisins til ÍSÍ, afeksstefnur aðildarféлага, um jákvæða ímynd og gildi íþróttarhreyfingarinnar t.d. í forvarnastarfi.

### **3. Fjárhagsáætlun FSÍ 2011.**

Framkvæmdastjóri lagði fram drög að endurskoðaðri fjárhagsáætlun 2011. Fjallað var um drögin og framkvæmdastjóra falið að vinna áfram í málinu og leggja fram frekari upplýsingar fyrir 16. fund stjórnar.

### **4. Mótahald o.fl. í nóvember.**

Stjórn FSÍ þakkar fimleikadeild Umf. Selfoss og öllum þeim sem komu að skipulagningu, undirbúningi og framkvæmd haustmóts í hóp fimleikum sem haldið var á Selfossi 13. – 14. nóvember sl.

Stjórn þakkar tækninefnd í hóp fimleikum fyrir undirbúning, skipulagningu og framkvæmd menntunarhelgi sem haldinn var í Keflavík 20. og 21. nóvember sl. Þá þakkar stjórn FSÍ fimleikadeild Keflavíkur fyrir lán á húsnæði og góðar móttöku.

### **5. Gymnastrada 2011**

Rætt var þátttöku á Gymnastrada 2011. Framkvæmdastjóra falið að ítreka fyrirspurn til framkvæmdastjóra Gymnastrada í Sviss um stuðning til íslenskra þátttekenda vegna fyrirhugaðrað þátttöku í hátíðinnar.

### **Tilkynningar.**

- a. Borist hafa skýrslur fararstjóra Evrópumótsins í hóp fimleikum, Golden Age, Norður-Evrópumótsins í áhaldafimleikum og heimsmeistaramótsins í áhaldafimleikum.

Næsti fundur verður haldinn mánudaginn 1. desember nk, kl.12.00.

Fundi slitið kl. 18.45.

Ragnheiður Thorlacius,  
ritar fundargerð.